



# ÞETTA ER HVORKI UPP- HAFIÐ NÉ ENDIRINN

**EFTIR  
ÁRNA JOHNSEN**

Í slíku ástandi, sem nú er í Eyjum, er lítið hægt að gera annað en bjarga því sem bjargað verður, þar sem hættan kemur upp. Fimm hús eru nú brunnin. Haunslettur frá gígnum kveiktu í þeim, en síðar fóru þau undir hraun, flest. Búið var að bjarga öllu innbúi úr húsunum áður. Það var ömurlegt að sjá þessi hús fara. Þarna á Kirkjubæjum var einhver rótgrónasta byggð eyjanna og rólegasta. En þarna hefur búið dugmikið fólk, sem hefur verið hverjum vanda vaxið.

Framhald á bls. 2

# "ELDBJARMA SLÓ Á AUSTURHIMIN"

Framh. af bls. 1

Víst er, að því verður bæt看ur skaðinn og þó að grimmt sé í þessu tilvikni að segja, að alltaf megi fá annað skip og annað fóru neyt', þá þýðir ekki annað. Þetta gos er hvorki upphaf né endirinn einn í Vestmannaeyjum, það mun ganga yfir eins og önnur áföll, það mun kosta tíma og mikla vinnu að hreinsa eyjarnar, en það er hægt á stuttum tíma með góðri skipulagningu.

Þegar maður hugsar til þess fólks, sem misst hefur hús sín undir hraun, kemur manni fyrst í hug, að þar er mest um eldra fólk að ræða, sem mæfir þessum erfðleikum. En vitneskjan um dug þessa fólks og styrk í sálu og geði létir þær vangaveltur. Hún segir t.d. sína sögu um ævuleysi, eftirfarandi setning, sem Pétur Guðjónsson á Kirkjubæ sagði í síma frá Reykjavík, við Guðjón son sinn daginn eftir að Kirkjubær fór undir hraunið: „Jæja, Gaui minn eru þetta bara svolítið miklar braytingar?“

Fyrsta daginn eftir að gosið hófst kom í ljós, að enffitt var um vik í mörgum tilfellum vegna þess, að öll þjónustufyrirtæki voru lokað. Engin kaupmaður var í bænum nema forstjóri mjólkurbúðarinnar, ölu- og bensínafgreiðsla lá niðri og þannig mætti lengi telja. Hjálparmenn hófu þá um morguninn að safna saman hestum úr Heimaey og sauðfé. Þorbjörn bóndi á Suður-Hlaðbæ, sem venjulega er kallaður Suðurbærinn, leiddi 50 kýr sínar til slárunar þennan dag. Hús hans fór undir hraun. Þau hús, sem farið hafa undir hraun eru: Norður-Hlaðbær, eign Magnúsar Péturssonar, Kirkjuból eign Krístjans Krístjánssonar, Kirkjubær, eign Péturs Guðjónssonar, föður Magnúsar, Mið-Hlaðbær, eign Guðrúnar Hallvarðsdóttur og Suður-Hlaðbær, eign Þorbjörns Guðjónssonar.

„Það er svolítið alvarlegt að gerast hér í Vestmannaeyjum núna,“ sagði móðir mín í símann laust fyrir kl. 2 aðfaranótt sl. þriðjudags.

„Hvað þá?“ spurði ég. „Það er byrjað eldgos í austurjaðri Helgafells, nálægt Kirkjubæjunum. Það byrjaði fyrir svona tveimur mínútum.“

Ég það mitt fólk að fara varlega, kvaddi og hringdi í lögregluna í Reykjavík til þess að kanna, hvernig bezt væri að ná sambandi við Almannavarnir. Lögreglan vissi það ekki. Þá hringdi ég í slökkviliðið. Það vissi það ekki heldur. Ég reyndi í millitíðinni að hringja í forstjóra Almannavarna, en hann svaraði ekki. Eftir þessar tilraunir hringdi ég í Hannes Hafstein hjá Slysavarnafélagi Íslands. Hann hafði rétt fengið boðin og þá vissi ég, að allt yrði sett í gang. En hann vissi að samalinan heim til forstjóra Almannavarna var slitin.

Þegar ég vakti Styrmi, ritstjórnann minn, með símhringingu, taldi hann öruggt í fyrstu að ég væri að grínast, en það var aðeins augnablik. Þannig voru viðbrögð allra, sem ég talaði við á þessum fyrstu mínútum.

Það tók skamma stund fyrir Elieser Jónsson að gera klárar tveir vélar Flugstöðvarinnar og eftir stutta stund voru 4 blaðamenn og ljósmyndarar Morgunblaðsins á leið til Eyja, önnur vélin með Elínu Pálmadóttur og

Ólafi K. Magnússyni skyldi fljúga yfir gosstöðvarnar og síðan til Reykjavíkur, en við Krístin Benediktsson, ljósmyndari, ætluðum að freista þess að lenda í Eyjum og verða þar eftir.

Flugtíminn var langur í hugskoti manns á þessari stuttu flugleið út í Eyjar. Maður vissi ekkert um það, hvernig háttalag gossins yrði og allir íbúar eyjanna gátu verið í mikilli hættu. Slíkar stundir eru erfiðar án þess að leiða hugann að þeim, sem æðstur er.

Loksins blöstu Vestmannaeyjar við. Eldbjarma sló á allan austurhimininn og hrauntungurnar úr gossprungunni mynduðu vegg fyrir austan kaupstaðinn. Austustu húsin voru nokkur hundruð metra frá sprungunni. Ég varð strax rórrí, þegar ég sá gossstöðvarnar. Þær líktuust mjög síðasta Surtseyjargossinu, sem hófst í ágúst 1966. Það var öflugast fyrstu dagana og síðan fór það þverrandi. Okkar vél ásamt flugvél Flugmálastjórnarinnar voru fyrstu flugvélar að Eyjum. Eftir nokkrar flugferðir til að kanna aðstæður, lentu báðar vélar á sömu mínútunni. Logn var, þegar gosið hófst, og gátum við því strax flogið yfir gosstöðvarnar og skoðað þær. Gossprungan náði frá Kirkjubæjum á norðvestanverðri Heimaey til flugvallarins í suðri. Það er um 3-4 km löng leið. Spýttust hraunsluttur úr allri tungunni, en hraunrennsli var ekki mikið. Á einum stað rann hraun í sjó fram, en annars gerði sprungan ekki annað en að hlaða hraunkamb beggja vegna sprungunnar.

Þegar við lentum á flugvellinum voru þar nokkrar konur með börn og fór það fólk með vélinni í bæinn. Enginn asi var á fólki. Það var að visu óttalegt, en allir tóku fast og rólega á hlutunum. Sama var að segja um braginn í bænum. Það var í rauninni undravert hvað allir sýndu mikla stillingu og rósemi. Fólk virti fyrir sér gosstöðvarnar yfir bæinn, þær voru ískyggilega nærri, en flestir karlmenirnir vildu ekki yfirgefa eyjarnar að svo stöddu. Konum og börnum skyldi komið burt, en þegar Almannavarnir lögðu svo fyrir að allir íbúar eyjanna skyldu halda til meginlandsins var því hlýtt. Það átti þó eftir að koma í ljós síðar, að þetta voru ekki skynsamleg vinnubrögð, því að næstu daga á eftir voru hrein vandræði með hjálparmenn. Þeir fáu, sem voru til staðar, fengu engan svefn og unnu útkeyrðir, þó að þeir gæfu ekkert eftir.

Aðalstöðvar skipulagningarinnar í Eyjum þessa fyrstu nótt voru í Loftskýtastöðinni og þar unnu loftskýtastöðmennirnir, Guðlaugur Gíslason, alþingismaður, og fleiri ákaflega skipulega. Allar áhafnir skipa brugðu við á stundinni og það er hreinlega ótrúlegt, að líðlega 4000 íbúar eyjanna af 5500 skyldu vera lagðir af stað til lands á fyrstu þremur tímunum eftir að gosið hófst.

Lögreglumenn öku rútum fiskvinnustöðvanna um bæinn og tóku upp fólk, sem var ýmist á leiðinni til hafnarinnar eða flugvallarins, en um það bil tveimur tímum eftir að gosið hófst voru flugvélar Flugfélags Íslands, einkavélar og þyrlur og flugvélar varnarliðsins komnar á vettvang. Þyrlur varnarliðsins fluttu frá Eyjum alla

sjúklinga sjúkrahúss Vestmannaeyja strax um nóttina.

Að sjálfsögðu brá mörgum í brún að vakna upp við annað eins í jaðri bæjarins, svo gott sem í bænum sjálfum. T.d. varð einum húsbóndanum svo bilt við, að hann gleymdi að fara í buxurnar, en hins vegar fór hann í skyrta og jakka og í skjótheitum stakkk hann kjötleri í annan jakkavasann og ostbita í hinn. Á leiðinni niður að höfn tók hann hins vegar eftir buxna-skortinum og fékk lánaðar buxur á leiðinni. Alla peninga sína hafði hann hins vegar í veski, sem var í gleyfdu buxunum. Ekki er vítað um önnur dæmi fólks, sem fór fáklætt á stjá. Þess má geta, að Magnús Pétursson, bóndi í Norður-Hlaðbæ, sagði við sitt fólk samstundis og þau urðu gossins vör í tóninu við bæinn: „Héðan fórum við ekki út, fyrr en við erum vel klædd.“

Það var ömurleg sjón að sjá konur, börn og gamalt fólk hópast um borð í bátana þessa ör-laganótt. En það var þó gleðilegt, því að það veitti þessu fólki öryggi á meðan ekki var sýnt, hvernig gosið mundi hegða sér. Allt upp í 250 manns voru um borð í hverjum bát. Að visu voru ekki björgunarbátar nema fyrir 36 manns, en ekki var hægt



að sjá fyrir öllu á þessum stutta tíma.

Farangur, sem fólk tók með sér, var aðallega smátöskur með nauðsynlegustu hlutum og sumir tóku ekkert með sér.

Þegar við Krístin höfðum farið um bæinn og fylgt með framvindu mála, héldum við upp á Helgafell. Það var að visu ekki áretnilegt vegna brennisteinsfnyks, sem lagði frá gosstöðvunum, en við ætluðum að myndna gígana ofan frá séð, og einnig gátum við þannig fylgt með gangi mála í allri byggðinni. Líklega hefur maður aldrei verið eins fljótur að



## FYRSTU STUNDIRNAR

hlaupa upp á Helgafell. Þaðan var að sjá allt í fullum gangi, hvert sem lítið var, en Helgafell er á miðri Heimaey og er 227 m hátt. Í austri blöstu gígarnir við og það er best að taka það fram, að vegna dvalar minnar í Surtsey og kynnum af eigosun þar var ég strax viss um að kaupstaðurinn var ekki í alvarlegri hættu á meðan gosið hélt þeirri stefnu, sem það virtist vera að taka. Í bænum í norðurátt voru öll ljós uppi. Lögreglu- og sjúkrabílar þutu um götur með sínum sér ljósum og bátarnir streymdu hver af öðrum út úr höfninni. Flestir stóldruðu við undan hafnarmynninu og fyrir utan eiðin norðan við Heimaklett, til þess að fylgjast með gosinu. En síðan var stefnan tekin á Þorlákshöfn. Þá komu Eyjabátar annars staðar frá og aðkomubátar til þess að taka þátt í hjörguninni.

Í vestri sáust flugvélmarnir koma hver af annarri til landingar og í suðri blásti flugvöllurinn við uppljómaður. Var þar mikil örtröð, enda fóru um 800 manns með flugvélum á fyrstu klukkutímum gossins. Sátu börn, konur og gamalmenni fyrir og þegar vélin hafði verið fyllt, brunaði hún í loftið.

Okkur gekk ekki alltof vel að komast niður af Helgafelli, því að það var ekki mikið súrefni, sem við fengum með brennisteinsfnyknum. En þetta hafðist þó, og við höldum sem leið lá að austurenda flugbrautarinnar til þess að kanna gígana. Á þessu svæði var töluvert öskufall. Syðsti hluti gígsins var mjög litilfjörlegur, en eftir því sem norðar dró varð gosið kröftugra. Þó jókst það aldrei frá því sem það var fyrsta klukkutímann og síðan hefur það farið dagminnkandi.

Í morgunsárið var dapurlegt um að lítast í kaupstaðnum, auður bær og yfirgefinn með svartu öskuslaðu yfir sér. Mesta athafnapláss landsins lamað um sinn. Líklega hafa hátt á annað hundrað manns verið eftir á Heimaey um nóttina, því að slangur var af fólki, sem ekki vildi yfirgefa heimili sín, og sat þar æðrulaust. Lögreglu- og hjálparið kom strax um nóttina til Eyja frá Reykjavík og hjálpaði það mikið. Þó hefur verið mikill skortur á kvöldin í hjálparstarfsemi.

Á fyrsta degi gossins var gossstaðan nokkuð breytileg. Þegar leið á daginn hafði gos hætt í hálfri sprungunni, en aðallega gaus í miðri sprungunni og fór gosið heldur minnkandi.

Strax um hádegisbilið á þriðjudag voru líðlega 30 Eyjabátar komnir til hafnar í Eyjum aftur. Þeir tóku veiðarfæri sín um borð, net, loðnunætur, troll og önnur veiðarfæri. Það var hugur í mönnum þrátt fyrir allt, enda hafa þessir menn ekki tjaldað til einnar nætur í atvinnulífi þjóðarinnar.

Það er að sjálfsgöðu útséð um, að útgerð frá Eyjum verður löngu um sinn, hvort sem sá tími verður nokkrar vikur eða fáeinir mánuðir. En Vestmannaeyingar hafa lært að virða nábyli bæði við harðfyllgi náttúruafanna og blíðuhjal. Vestmannaeyingar hafa einnig lengst komið með eigin frumkvæði og því munu þeir leggja mest upp úr því að koma bæjarlífinu í gang aftur á sem eðlilegastan hátt eins skjótt og mögulegt er.

„Það er hríkalegt að sjá þetta eldgos hér,“ sagði forseti Íslands, herra Kristján Eldjárn, þegar hann heimsótti Vestmannaeyjar sl. fimmtudag. „En þetta gengur yfir,“ bætti hann við. Nú, þegar maður hugsar um það, þá eru það flestir staðir á Íslandi, þar sem slíkt getur komið fyrir. Jafn vel í nágrenni Reykjavíkur og nærliggjandi byggða eru mjög víða ungar eldhylur og gossstöðvar.

Á miðvikudag sprengdi hraunið sér leið norðvestur úr sprungunni og skreið 10 m hár hraunruðningur norður með Kirkjubæ, austasta bænum. För grindverk

Framh. á bls. 5



# HELDUR Í EYJUM



## KONURNAR ERU FARNAR-VINNU- SALIRNIR TÓMIR

Fréttir af bók 3


Heimreyr þegar göngu hefur hafið ur þjótt hart að vora úndarstöðu. Í að komast aftur til Eyja, þegar ljóst varð að göngu var ekki eins áhrifleg og útlit var fyrir. T.d. í Eyja-áttunum áttu þeir þá í 1983. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum.

Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum.

Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum.

Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum.

Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum. Þetta var einn af þeim dögum sem þá höfðu skrifað undir. Þá voru þeir með þessum sömnum á þessum dögum.



# KONURNAR ERU FARNAR-VINNU- SALIRNIR TÓMIR

Framh. af bls. 8

ið í kringum húsið undir hraun-  
ið. Þessi hrauná rann síðan í sjó  
fram og fór rani hennar í átt að  
Yztakletti, en aðalstraumurinn í  
áttina að Bjarnarey eða í austur  
og var það mjög hagkvæmt.

Páll Zophoníasson, bæjarverk-  
fræðingur, fór þá á lóðsbátnum  
út að hraunjaðrinum ásamt  
fleirum og mældu þeir dýpið.  
Var ekkert hraun komið í átt-  
ina að hafnarvæðinu. Björgun-  
armenn höfðu nóg að gera þennan  
dag við að koma húsgögnum  
úr austustu húsunum á tryggan  
stað.

Þar sem engar verzlarnir voru  
opnar og öll dagleg þjónusta í  
molum var mótuneyti Ísfélags-  
ins opnað öllum, sem í Eyjum  
voru. Sigurgeir Jóhannsson,  
bryti, sinnti einn allri elda-  
mennsku og var þar um þrek-  
virki að ræða eins og og hjá svo  
mörgum öðrum um þessar mundir  
í Eyjum. Á þriðja degi komu  
svo aðstoðarmenn í eldhúsið, en  
þó hafði það létt undir að fram-  
menn Ísfélagsins stóðu í upp-  
vaskinu og öðrum húsverkum.

Sigurður Þórarinnsson, Þor-  
björn Sigurgeirsson, Þorleifur  
Einarsson og fleiri vísindamenn  
hafa verið hér undanfarna daga  
og þer þeim saman um, að gosið  
hafi farið talsvert minnkandi  
dag frá degi. Er nú ekki eins  
ögnvekjandi að sjá það og í upp-  
hafi.

Einn daginn leit ég inn í þökk-  
unarsal Ísfélags Vestmannaeyja,  
en þar er nýlokið mjög gagn-  
gerðum endurbótum, svo að nú  
er þar einn glæsilegasti fisk-  
vinnslusalur á landinu. Þar eru  
vinnuborð fyrir 60 konur, en ör-  
fáar Eyjakonur eru hér ennþá.

Einar Sigurðsson, eigandi  
Hraðfrystistöðvarinnar var hér  
sl. miðvikudag og var hann helzt  
á því að flytja allar vélar frysti-  
hússins burt úr Eyjum. Starfs-  
menn Fiskimjölsverksmiðjunnar  
h.f. voru hins vegar að undirbúa  
komu sína aftur til Eyja til þess  
að gera allt klárt fyrir móttöku  
á loðnu. Öllum frystum afurðum  
frystihúsanna hefur verið skip-  
að út síðustu daga, verðmæti 130  
milljónir króna liðlega, og 200  
tonnum af þurrfiski.

Askar í bænum hylur ekki al-  
veg tún og bletti, en hún fer  
minnkandi eftir því sem vestar  
dregur. Á fimmtudag var ösku-  
og hraunbingurinn við aðalgög-  
inn farinn að nálgast hálfa hæð  
Helgafells.

Mörgum karlmönnum, sem  
hlýddu boðum um brottför af

Heimaey, þegar gosið hófst hef-  
ur þótt hart að vera hindraðir í  
að komast aftur til Eyja, þegar  
ljóst varð, að gosið var ekki eins  
alvarlegt og útilit var fyrir. T.d.  
var 8 Eyjaskeggjum snúð aftur  
í flugvél við flugvöllinn í Eyj-  
um, þó að þeir væru með leyfi  
frá Almannavörnum. Þegar til  
kom var sá ekki tekinn gildur,  
sem hafði skrifað undir. Þá voru  
mjög furðulegar skoðanir á því,  
hverjir ættu að fá leyfi til að  
dvelja á Heimaey og hverjir  
ekki. Til dæmis var sumum af  
forráðamönnum símsstöðvarinnar  
ekki leyft að dveljast á Heima-  
ey.

Það hefur vantað hér tilfinn-  
anlega yfirstjórn til þess að sam-  
ræma aðgerðir. Það skiptir öllu  
máli, að hægt sé að reka bæinn  
sem bæ á meðan þetta ástand er.  
Að slepptri framleiðslu og  
vinnslu verður allavega að hafa  
ýmsa þjónustubætti í gangi. Með  
því móti einu getur bæjarlífið  
rétt úr kútnum eins og aðstæður  
leyfa með breyttri stöðu þessa  
goss. Það þarf að halda ýmsu í  
horfinu og það þarf að gera með  
skipulagningu.

Að sjálfsögðu eru skiptar  
skoðanir um eitt og annað í sam-  
bandi við framkvæmdir á starfi  
vegna gossins. Það er ekki óeðli-  
legt, því að slíkt ástand er eins-  
dæmi í okkar landi. Það ætti þó  
ekki að taka marga daga að  
koma slíkum málum í eðlilegt  
horf. Ég hygg, að það hafi verið  
alltof mikið um það í sambandi  
við ákvarðanir Almannavarna,  
að þær hafi verið teknar frá  
Reykjavík. Auðvitað á yfirstjórn  
og skipulagning þessara mála að  
vera staðsett í Vestmannaeyja-  
kaupstað. Með því móti er  
minnst hættan á að eitthvað fari  
á milli mála. Í því sambandi má  
minna á, að þeir, sem þekkja  
til slíkra gosa, telja hættuna  
ekki nærri því eins mikla og hin-  
ir, sem e.t.v. eru í fyrsta skipti á  
gosstöðvum. Allar ákvarðanir í  
þessu efni verður því að meta  
með því að taka öll sjónarmið til  
greina. Þarna fléttast saman svo  
margir þættir tilfinninga og  
skynsemi.

Oft þurfa sjómenn að biða  
átekta hér til þess að komast til  
hafnar, því að innsiglingin getur  
orðið slæm í vondum veðrum.  
Þeir leita þá vars á bátum sin-  
um við eyjarnar.


Um sinni verða Eyjaskeggjar  
að biða átekta til að koma dag-  
legu heimilis- og athafnalífi í  
Eyjum í eðlilegt horf. Þó er ekki  
ráð nema í tíma sé tekið.



# HVAR ER GOSHÆTTA MEST?

ítarlegar athuganir þarf að gera á því

**Jóhanna Kristjónsdóttir ræðir við Svein Jakobsson jarðfræðing**



JARÐFRÆÐINGAR og margir aðrir sérfræðingar hafa verið í öllum síðan gosið í Vestmannaeyjum hófst, enda þurfa þeir að vinna að margvíslegum athugunum og rannsóknum vegna gossins. Mið ræddi við Svein Jakobsson, jarðfræðing hjá Náttúrufræðistofnun um gosið og önnur svæði á landinu, þar sem telja má líklegt að eldar getu brotist upp.

— Verkaskiptingu milli okkar hefur ekki verið gengið frá, sagði Sveinn aðspurður. En þó vænti ég þess að þeir Sigurður Þórarinnsson og Þorleifur Einarsson fylgist með gangi gossins almennt. Þorbjörn Sigurgeirsson og Leo Kristjánsson framkvæma hitamælingar. Sveinbjörn Björnsson sér um skjálftamælingar og var fluttur út til Eyja jarðskjálftamælir frá Sigöldu. Ég og Sigurður Steinþórsson munum svo væntanlega sjá um bergfræðilegu hlífina, efnagreiningu og smásjárannsóknir og hef ég þegar tekið nokkur sýni til greiningar. Stefnan Arnórsson og Bragi Árnason verða við að tala sýnishorn af lofttegundum. Þetta er svona í stórum dráttum, hvernig verukum okkar er hagað nú, en sjálfsagt koma margir fleiri við sögu og ekki óeðlilegt að Surtseyjarfélagið taki nú upp þráðinn. Sjálfur fór ég til Eyja á þriðjudag og tók sýnin.

— Og hverju verðum við síðan nær, þegar þau hafa verið rannsökuð?

— Þau getu gefið upplýsingar um uppruna kvikunnar og af hvaða dýpi og annan fróðleik um ástand jarðskorpunnar. Það er að sjálfsögðu alltaf fastur liður að efnagreina bergið til að fá samanburð við önnur gos.

— Nú hefur ekki gosið þarna í 5 þúsund ár og flestir hafa sjálfsagt staðið í þeirri trú, að

þarna væri allt útdautt. Hvenær eru eldfjöll þá dauð?

— Um það er ekki svo gott að segja afdráttarlaust. Í fyrsta lagi ber þess að gæta, að Vestmannaeyjasvæðið er syðsti hluti eystra gosbeltisins og þetta svæði hefur verið mjög virkt. Hér á landi hefur gosið að meðaltali 5. hvert ár, síðustu 200 árin og hægt er í rauninni að búast við gosi, hvar sem er innan gosbeltanna. Lítið á málin í því ljósi kom þetta gos jarðfræðingum ekki á óvart. En það kom óskur á óvart, að það skyldi einmitt vera þarna, vegna nálægðarinnar við Surtsey. Vegna gossins þar voru tölfraðilega minni líkur á gosi á þessu svæði aftur svona fljótt. Við þyrftum að kanna betur á hvaða gossvæðum hættan er mest. Mér dettur til dæmis Reykjanesskaginn í hug. Ég tel að gera þurfi ítarlegar athuganir á því, hvar líklegast er að gjósi og hvar séu mestar líkur á hraunrennsli. Mörg byggðarlög eru á þessu svæði og væru í hættu af gosi. Ekki held ég það væri óframkvæmanlegt að kanna þetta. Að verkinu þyrftu að vinna jarðfræðingar, tölfraðingur og ef til vill mannvirkjafræðingur. Eðlilegast þætti mér að Almannaavarnaráð skipuleggi þessa athugun.

— Enda mætti að slíkum athugunum loknum hafa staðsetningar mannvirkja í huga með hlidsjón af þessu. Eldgos hafa verið tíð á nútíma (á jarðfræðingamáli) á Reykjanesi, en aftur á móti hefur ekki gosið þar síðan á 14. eða 15. öld og líkur fyrir gosi hafa þar af leiðandi vaxið.


— Nú gera eldgos sjaldnast boð á undan sér. Einstöku sinnum koma þó jarðskjálftar og hræringar á undan þeim. En ekki fylgir eldgos alltaf jarðhræringum. Væri það óyfirséanlegt að setja upp mælitaeki á mestu hættusvæðunum til að unnt væri að vita með nokkrum fyrirvara, þegar umbrot eru í vendum?

— Það er rétt að ekki fylgja jarðhræringar alltaf í kjölfar eldumbrota. Hins vegar hófst þetta í Vestmannaeyjum nú með jarðskjálftakippum.

Til að geta fylgt svo náið með þessu, sem þú varst að tala um, yrðum við að setja upp ákaflega fullkomin taeki um gífurlega stór svæði, við yrðum eig inlega að leggja net um allt Reykjanesið, Mið-Suðurlandið og í Þingeyjarsýslum og að svo stöddu sýnist mér slíkt óframkvæmanlegt. En innan gosbeltanna geta fræðilega séð alls staðar orðið eldgos. Við getum ekki horft framhjá því.

— Hafa verið gerðar mælingar á magni þess sem kom upp úr iðrum jarðar í Vestmannaeyjum, til dæmis samanborið við ýmis önnur gos?

— Framleiðsla gossins fyrstu tólf tímana var á að gízka um



**Á efri myndinni heldur Sveinn Jakobsson á bakka fullum af vikri, sem féll á Kirkjubæina fyrsta dag gossins.**

Myndin sýnir gígi, sem eru á þessu Vestmannaeyjasvæði og hafa orðið til á nútíma. Nýja viðbótin við Vestmannaeyjar er merkt með punktalínu og strikið þvert yfir sýnir hvar gossprungan liggur. Ný tanginn var á fimmtudag kominn um 7–800 metra út í sjó.

30 milljónir kúbikmetra. Ef það er borið saman við önnur gos hérlandis á síðustu árum er það lítið magn. Ýmislegt kemur þá á daginn: þrátt fyrir að sprungan er svona löng, þá kemur minna magn gosefna upp fyrstu tólf tímuna en til dæmis í Surtseyjar- og Óskjugosum. Er þarna miðað við framleiðslu gosefna á klukkustund og miðað við lengd sprungunnar. Eg má varla til þess hugsa að sama framleiðsla hefði orðið þarna og varð til dæmis í Surtsey. Þá hefði hraunþyngja fljótlega hlaðið upp og þar með hefði verið miklu meiri hætt á að hraunið hefði farið yfir byggðina. Ekki er hægt að gefa algilt svar við því, hvernig á því stendur að magnið er svona miklu minna, þar sem engin tvö gos hegða sér eins.

— Og hverjar sérðu verða afleiðingar þessara hamfara?

— Við fyrstu sýn virðast þær náttúrulega vera fyrst og fremst efnahagslegar. Til dæmis í sambandi við starfrækslu fiskvinnslu stöðva í Eyjum. Meðan gos er í gangi, má alltaf búast við óskufalli og þessar stöðvar eru í lítilli fjarlægð frá gosstöðvunum. Aftur á móti ber ég engan teljandi kvíðboga fyrir að dýralífi í sjónum stafi teljandi hættu af. Reynslan sýnir, að þar sem straumar eru jafn sterkir og þarna er aðeins um staðbundin og skammvinn áhrif af þessu tagi að ræða.

Vestmannaeyjar eru á jarðeldasvæði, sem nær yfir 700 ferkilómetra. Kunnugt er um 18 eldstöðvar ofansjávar og leifar af 55—60 neðansjávargígum. Á nú tíma hafa því orðið á þessu svæði um 73—78 gos og allar eyjarnar hafa orðið til í elds-umbrotum. Aldurgreind hafa verið gos í Helgafelli, Sæfelli, Stórhöfða, Elliðaey og Bjarnarey og þarna hefur gosið á svipuðum tíma fyrir 5—6 þúsund árum. Aðrar gosstöðvar þarna hafa ekki verið aldursgreindar, en vitað er að þær hafa orðið til á nú tíma. Nyrztu klettur Heimaeyjar hafa þó að líkindum orðið til á ísöld.

— Og enginn vill spá um, hversu lengi gosið getur staðið?

— Það er ekkert hægt að segja um það. Mér finnst reyndar að það sé ólíklegt að það standi mjög lengi, en alltént í nokkrar vikur. Það er ógerlegt að segja neitt ákveðið um það. En ef við byggjum á fyrri reynslu gæti það aldrei staðið skemur en þó nokkrar vikur.

Í sambandi við teikningu þá, sem fylgir þessu spjalli má geta þess, að Sveinn sagði, að reikna mætti með að um 15 neðansjávargígur hefðu verið eyjar, sem síðan hefðu brotnað niður. Til dæmis er einn neðansjávarhnjúk ur, beint austur af Helgafelli, Bessi, dýpið niður er aðeins 19 metrar. Sé hlíðsjón höfð af Surtseyjargosi þá hefur þetta verið eyja að minnsta kosti um skammta tíma. h. k.



**ÞIÐ ERUÐ VEL-  
KOMIN. EN MÆTTUÐ  
ÞIÐ KOMAST SEM  
FYRST HEIM AFTUR**



Ólafur K. Magnússon tók myndina á forsiðu. Hér fer allt saman: sjór og eldur, biksvartur gosmökkurinn og svo hinir óskaplegu gufustrókar þegar hraunið mætir sjónum. Horn af bænum sjálfum sést í fjarska; það hornið sem er fjærst gossprungunni. — Kristinn Benediktsson tók opnumyndina. Hún talar sínu máli, en Kristinn hefur verið þarna á staðnum fyrir Morgunblaðið nánast frá byrjun hamfaranna. Hér á síðunni er svo neðri myndin frá Árna Johnsen, en hann varð með fyrstu fréttamönnum til Eyja ásamt Elinu Pálmadóttur. — Sigurgeir Jónasson, Vestmannaeyingurinn sem tekið hefur margar frábærar myndir fyrir Morgunblaðið, á svo litmyndina hér efra.

